

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 137/1987 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

Í stað „20%“ í 1. ml. 15. gr. reglugerðarinnar komi „10%“.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 16. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 29. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

13. júlí 1994

Nr. 461

REGLUR

um dómsgerðir í einkamálum og opinberum málum.

Eftir beiðni Hæstaréttar eða ríkissaksóknara skal héraðsdómstóll gera dómsgerðir í máli og hafa þær tilbúnar innan mánaðar frá því að beiðni berst. Beiðni skal vera bréflæg eða send með símbréfi.

Í dómsgerðum skulu vera:

1. Endurrit af dómi, úrskurði, dómsátt, viðurlagaákvörðun eða annarri ákvörðun, sem hefur leitt mál til lykta.
2. Endurrit af því sem hefur verið skráð um mál í þingbók, þar á meðal endurgerð af hljóðupptökum.
3. Frumrit af framlögðum skjölum í máli.
4. Héraðsdómur í tölvutæku formi.

Dómsgerðir skulu vera heftar saman í eitt eða eftir atvikum fleiri hefti. Á tilsiðu skal tekið fram að dómsgerðirnar séu í máli með tilteknu heiti og númeri og á tilteknum fjölda blaðsíðna, en undir dagsetningu skal dómari rita nafn sitt til staðfestingar á dómsgerðunum og setja við hana stimpil dómstólsins. Ef dómsgerðir eru í tveimur eða fleiri heftum skal hvert þeirra áritað með þessum hætti og tekið fram hver mörg heftin eru.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 156. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1994, og 3. mgr. 154. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 14. gr. laga nr. 37/1994.

Hæstiréttur Íslands, 13. júlí 1994.

Hrafn Bragason.

Erla Jónsdóttir.